

Nd.

104. Frumvarp til laga

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Vinningur í happdrætti Laugarneskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. apríl 1943, skal vera undanþeginn álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.